

Fjársjóður sem hefur eilíft gildi

THOMAS S. MONSON FORSETI

Þegar ég var drengur naut ég þess að lesa *Gulleyjuna* eftir Robert Louis Stevenson. Ég horfði líka á ævintýramyndir þar sem nokkrir menn áttu brot af þvældum kortum sem sýndu hvar fjársjóður var grafinn, en aðeins ef brotin fyndust og þeim yrði raðað saman.

Ég man eftir að hafa hlustað á fimmtán mínútna útvarpsþátt sem var síðdegis alla vikudaga – *sem hét Jack Armstrong, al-ameríski drengurinn*. Hann hófst á því að leyndardómsfull rödd barst úr útvarpinu: „Við sameinumst nú Jack og Betty þar sem þau nálgast hinn ótrúlega leyninngang að filagröfinni, þar sem fjársjóður er falinn. En farið ykkur hægt, hætta leynist á veginum framundan.“ Ekkert gat rífið mig burt frá þessari dagskrá. Það var líkt og ég stjórnaði leitinni að huldum fjársjóði dýrmæts filabeins.

Á öðrum tíma og við aðrar aðstæður ræddi frelsari heimsins um fjársjóð. Í fjallræðu sinni sagði hann:

„Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu, þar sem mölur og ryð eyðir og þjófar brjótast inn og stela.

Safnið yður heldur fjársjóðum á himni,

þar sem hvorki eyðir mölur né ryð og þjófar brjótast ekki inn og stela.

„Því hvar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera.“¹

Hin fyrirheitnu laun voru ekki fjársjóður filabeins, gulls eða silfurs. Ekki voru þau heldur ekrur af landi eða eign verðbréfa eða hlutabréfa. Meistarinn talaði um auðæfi innan seilingar allra – já ólýsanlega gleði hér og eilífa hamingju eftir þetta líf.

Ég ætla að láta ykkur í té þrjá hluta af fjársjóðskorti ykkar og leiða ykkur þannig til eilífrar hamingju. Þeir eru:

1. Lærum af fortíðinni.
2. Búum okkur undir framtíðina.
3. Njótum nútíðarinnar.

Skoðum nú hvert brot kortsins.

Lærum af fortíðinni

Öll eigum við arfleifð – hvort heldur er frá frumherjum, þeim sem síðar snerust til trúar, eða öðrum sem stuðlað hafa að mótun lífs okkar. Sú arfleifð veitir grundvöll byggðan á fórn og trú. Okkar eru forréttindin og ábyrgðin að byggja á þeim fasta og örugga grunnni.

Saga sem Karen Nolen skrifaði, og birtist



í *New Era* árið 1974 fjallar um Benjamín Landart, sem árið 1888 var 15 ára og mjög fær fiðluleikari. Hann bjó á bóndabýli í Norður-Utah með móður sinni og sjö systkinum og var það Benjamín stundum erfitt, því hann hafði þá minni tíma en hann vildi til að leika á fiðluna sína. Stöku sinnum læsti móðir hans fiðluna niðri þar til hann hafði lokið skylduverkum sínum á býlinu, slík var freistingin fyrir Benjamín að leika á hana.

Síðla árs 1892 var Benjamín boðið að fara til Salt Lake í hæfnispróf, hvort hann fengi að leika með hljómsveitinni þar. Fyrir honum var þetta draumur að rætast. Eftir nokkurra vikna æfingar og bænir fór hann til Salt Lake, í mars 1893, í hið lanþræða hæfnispróf. Þegar stjórnandinn, hr. Dean, hlustaði á Benjamin leika, sagðist hann telja hann færasta fiðluleikara sem hann hefði heyrð í vestan Denver. Benjamin var sagt að koma til Denver til æfinga um haustið og fékk að vita að hann myndi þéna nóg til uppihalds fyrir sig, og gæti jafnvel sent eitthvað heim.

Viku eftir að Benjamín fékk þessar góðu fréttir kallaði biskupinn hann inn á skrifstofu sína og spurði hvort hann gæti ekki frestað því að leika með hljómsveitinni í tvö ár. Hann sagði Benjamín að áður en hann færi að afla peninga ætti hann Drottinn skuld að gjalda. Hann bað Benjamin síðan að taka á móti trúboðsköllum.

Benjamín fannst sú fórn, að glata tækifærinu til að leika með hljómsveitinni, yrði honum óbærileg, en hann vissi líka hver ákvörðun hans átti að vera. Hann lofaði biskupnum því, að ef nokkur leið yrði til að afla fjár svo hann gæti þjónað, myndi hann taka á móti kallinu.

Þegar Benjamin sagði móður sinni frá kallinu, var hún yfir sig glöð. Hún sagði að faðir hans hefði alltaf þræð að fara í trúboð, en hann hafði látið lífið áður en það tækifæri gafst. En þegar þau ræddu fjármögnun trúboðsins varð hún döpur í bragði. Benjamín sagðist ekki vilja að hún seldi meira af landi þeirra. Hún horfði á hann um stund en sagði síðan: „Ben, það er til leið til fjármögnunar. Þessi fjölskylda á einn hlut sem er nægilega verðmætur til að senda þig í trúboð. Þú verður að selja fiðluna þína.“

Sex dögum síðar, 23. mars 1893, skrifaði Benjamín í dagbókina sína: „Ég vaknaði í morgun og tók fiðluna úr töskunni. Allan daginn lék ég þá tónlist sem ég unni.

Um kvöldið þegar rökkva tók og ég sá ekki lengur til að leika, lagði ég hljóðfærið aftur í töskuna. Þetta nægir. Á morgun fer ég til trúboðsstarfa.“

Fjörutíu og fimm árum síðar, 23. júní 1938, skrifaði Benjamin í dagbókina sína: „Stærsta ákvörðunin sem ég hef nokkru sinni tekið á ævi minni var að fórna því sem ég elskaði heitt fyrir þann Guð sem ég elska enn heitar. Hann hefur aldrei gleymt mér vegna þess.“²

Lærum af fortíðinni.

Búum okkur undir framtíðina

Við lifum í breytilegum heimi. Tæknin hefur breytt nálega öllum þáttum lífsins. Við verðum að takast á við þessar framfarir – jafnvel háskalegu breytingar – í heimi sem forverar okkar hefðu aldrei látið sig dreyma um.

Munum loforð Drottins: „Séuð þér viðbúinir þurfið þér ekki að óttast.“³ Óttinn er óvinur allra framfara.

Nauðsynlegt er að ráðgera og áætla, svo að við sóum ekki lífi okkar. Án takmarks er ekki um raunverulega velgengni að ræða. Ein besta skilgreiningin á velgengni sem ég hef fundið er eitthvað á þessa leið: Velgengni er fram-sækinn skilningur á verðugri hugmynd. Einhver sagði að vandinn við að eiga sér engin markmið væri sá að við eyddum lífi okkar í stöðug hlaup fram og aftur um völlinn án þess nokkru sinni að ná marklínunni.

Fyrir mörgum árum voru þessi orð sungin í róm-antískri og nýstárlegri ballöðu: „Óskín gerir það að veruleika. Haldið því áfram að óska, og áhyggjurnar hverfa.“⁴ Ég vil segja það hér og nú, að óskín kemur ekki í stað vandlegs undirbúnings til að takast á við raunir lífsins. Undirbúningur er erfið vinna en algerlega nauðsynleg fyrir framþróun okkar.

Ferð okkur inn í framtíðina verður ekki slétt þjóðbraut héðan og inn í eilífðina. Þar verða frekar krossgötur og beygjur, að við tölum nú ekki um óvænt hvörf. Við verðum að biðja daglega til kærleiksríkis föður á himnum sem vill að okkur vegni öllum vel í lífinu.

Búum okkur undir framtíðina.

Njótum nútíðarinnar

Stundum gefum við hugsununum um morgundaginn of mikið rúm af deginum í dag. Dagdraumar um hið liðna og framtíðarþrá geta veitt vellíðan en koma ekki í

stað þess að njóta líðandi stundar. Þetta er dagur tækifæranna og við verðum að grípa þau.

Harold Hill prófessor ráðlagði í Merediths Wilson *The Music Man*: „Ef þú safnar þér nægum morgundögum, kemstu að raun um að þú hefur safnað þér fullt af innantómum gærdögum.“

Þið eignist aldrei minnisverðan morgundag ef þið gerið ekki eitthvað í dag, og til þess að lifa að fullu í dag verðum við að gera það sem er mikilvægast. Frestum ekki því sem skiptir mestu máli.

Ég las nýlega frásögn manns sem, eftir að hafa misst eiginkonu sína, opnaði kommmóðuskúffu hennar og fann þar fatnað sem hún hafði keypt þegar þau fóru til austurhluta Bandaríkjanna níu árum áður. Hún hafði aldrei klæðst honum, heldur geymt hann fyrir sérstakt tækifæri. Nú gæfist auðvitað tækifærið aldrei.

Er eiginmaðurinn sagði vinkonu hennar frá þessu sagði hann: „Geymdu aldrei neitt fyrir sérstakt tækifæri. Hver dagur í lífi þínu er sérstakt tækifæri.“

Þessi vinkona sagði síðar að þessi orð hefðu breytt lífi hennar. Hún hætti að fresta því sem mestu máli skiptir. Hún sagði: Nú eyði ég meiri tíma með fjölskyldu minni. Ég nota kristalglös á hverjum degi. Ég klæðist nýjum fötum þegar ég fer til innkaupa, ef mér dettur það í hug. Orðin ‚einhvern tíma‘ og ‚síðar meir‘ eru að hverfa úr orðaforða mínum. Nú gef ég mér tíma til að hringja í ættingja og nánustu vini. Ég hef hringt í gamla vini til að sættast vegna gamals ágreinings. Ég segi fjölskyldu minni hve heitt ég elska hana. Ég reyni að fresta engu sem gæti skapað hlátur og gleði í lífi okkar. Og á hverjum morgni segi ég við sjálfa mig að þetta geti orðið sérstakur dagur. Hver dagur, hver stund, hver mínúta, er sérstök.“

Dásamleg grein eftir Arthur Gordon um þessa lífsspeki var fyrir mörgum árum birt í tímariti. Hann skrifaði:

„Þegar ég var um 13 ára og bróðir minn 10 ára lofaði faðir okkar að fara með okkur í sirkus. En um hádegisdag hringdi síminn. Eitthvert áriðandi mál kom upp niðri í bæ sem hann þurfti að sinna. Við bjuggum okkur undir vonbrigði. Þá heyrðum við hann segja í símann: ‚Nei, ég kem ekki. Það verður að bíða.‘

Þegar hann settist aftur að borðum brosti móðir okkar. ‚Sirkusinn kemur aftur, þú veist það,‘ sagði hún.

„Ég veit,“ sagði faðir minn. „En það gera æskuárin ekki.“⁵

Öldungur Monte J. Brough, áður af hinum Sjötíu, sagði frá einu sumri úr bernsku sinni heima í Randolph í Utah, þegar hann og yngri bróðir hans, Max, ákváðu að byggja hús uppi í stóru tré í bakgarði þeirra. Þeir lögðu áætlun að dásamlegasta sköpunarverkinu í lífi þeirra. Þeir viðuðu að sér byggingarefni alls staðar að úr grenndinni og báru það upp í þann hluta trésins þar sem tvær greinar mynduðu kjörinn stað fyrir húsið. Verkið var erfitt og þeir voru spenntir að ljúka því. Þeir sáu fyrir sér fullbúið húsið og var það þeim mikil hvatning.

Þeir unnu allt sumarið og loks um haustið, rétt áður en skólinn hófst, var húsið fullbúið. Öldungur Brough sagðist aldrei gleyma gleði þeirra og ánægju þegar þeir fengu að lokum notið ávaxta erfiðis síns. Þeir sátu í kofanum, horfðu í kringum sig í nokkrar mínútur, klifruðu svo niður úr trénu – og fóru aldrei þangað upp aftur. Fullbúið húsið, jafn dásamlegt og það var, gat ekki haldið áhuga þeirra vakandi jafnvel í einn dag. Með öðrum orðum, vinnan við að áætla, safna og smíða – en ekki fullbúið verkið – veitti þeim þá varanlegu gleði og ánægju sem þeir höfðu notið.

Bragðbætum lífið um leið og við lifum því, eins og öldungur Brough og Max bróðir hans gerðu, finnum gleði á leið okkar.

Sláum ekki á frest

Hið gamla orðtak: „Frestum aldrei til morguns því sem við getum gert í dag,“ er helmingi mikilvægara þegar kemur að tjáningu á ást okkar og umhyggju – í orði og verki – til fjölskyldu okkar og vina. Rithöfundurinn Harriett Beecher Stowe sagði: „Bitrustu tárin sem við fellum við grafirnar eru vegna ósagðra orða og óunninna verka.“⁶

Ljóðskáld eitt lýsti í ljóði sorginni yfir eilíflega glötuðum tækifærum. Ég vitna hér í hluta þess:

*Handan hornsins á ég vin,
í þessari óendanlegu stórborg;
þó líða dagar og líða vikur
og fyrr en varir er árið liðið
og aldrei sá ég andlit míns gamla vinar.*

*Lífið er mikið og bræðilegt kapphlaup. . . .
En morgundagurinn kemur og fer,
og fjarlægðin milli okkar vex í sífellu.*

*Handan hornsins! – en þó víðs fjarri. . .
„Hér er skeyti, herra. . .
Jón dó í dag.“
Og þetta hljótum við og eigum að lokum skilið:
Handan hornsins borfinn er vinur.⁷*

Í anda þessa ljóðs tók ég þá ákvörðun fyrir nokkrum árum að fresta því ekki lengur að heimsækja kærnan vin sem ég hafði ekki séð í mörg ár. Ég hafði ætlað að heimsækja hann í Kaliforníu en aldrei orðið neitt úr því.

Við Bob Biggers kynntumst þegar við vorum báðir í æfingarbúðum bandaríska sjóhersins í San Diego í Kaliforníu við lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Við urðum strax góðir vinir. Hann kom til Salt Lake einu sinni áður en hann giftist, og við héldum vináttunni með bréfaskriftum eftir að ég brautskráðist 1946. Ég og eiginkona mín, Frances, sendum Bob og eiginkonu hans, Grace, jólakort árlega og þau okkur.

Í byrjun janúar 2002 átti ég að fara á stikuráðstefnu í Whittier, Kaliforníu, þar sem Biggers-hjónin búa. Ég hringdi í vin minn Bob, nú 80 ára, og gerði ráðstafanir til þess að við Frances gætum hitt hann og Grace, og rifjað upp fyrri daga.

Við áttum dásamlega stund saman. Ég tók með mér fjölda mynda sem teknar höfðu verið þegar við vorum saman í sjóhernum fyrir 55 árum. Við nafngreindum þá sem við þekktum og fræddum hvor annan af bestu getu um verustað þeirra. Þótt Bob væri ekki meðlimur kirkjunnar minntist hann þess að hafa farið með mér á sakramentissamkomur á þessum löngu liðnu árum þegar við vorum í San Diego.

Þegar við Frances kvöddum þau Bob og Grace, fann ég til mikillar gleði og friðar yfir að hafa að lokum látið verða af því að sjá enn á ný vin sem hafði verið mér svo kær í áraraðir.

Dag einn verðum við öll uppiskroppa með morgundag. Frestum ekki því sem skiptir mestu máli.

Njótum nútíðarinnar.

Fjárskjöldskortið ykkar er nú á vísun stað: Lærum

af fortíðinni. Búum okkur undir framtíðina. Njótum nútíðarinnar.

Ég lýk þar sem ég byrjaði. Frá Drottni okkar og frelsara: „Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu, þar sem mölur og ryð eyðir og þjófar brjótast inn og stela.

Safnið yður heldur fjársjóðum á himni, þar sem hvorki eyðir mölur né ryð og þjófar brjótast ekki inn og stela.

„Því hvar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera.“⁸

HEIMILDIR

1. Matt 6:19–21.
2. Sjá “Benjamin: Son of the Right Hand,” *New Era*, maí 1974, 34–37.
3. K&S 38:30.
4. “Wishing (Will Make It So),” texti eftir B. G. DeSylva.
5. *A Touch of Wonder* (1974), 77–78.
6. Í samantekt Gortons Carruth og Eugene Ehrlich, *The Harper Book of American Quotations* (1988), 173.
7. Charles Hanson Towne, “Around the Corner,” í *Poems That Touch the Heart*, samant. A. L. Alexander (1941), 1.
8. Matt 6:19–21.

FYRIR HEIMILISKENNARA

Þegar þið hafið í bænaranda kynnt ykkur boðskap þennan, skuluð þið miðla honum þannig að þeir sem þið kennið séu þátttakendur með ykkur. Nokkur dæmi fara hér á eftir:

1. Spyrjið fjölskylduna hvernig hún búi sig undir einhvernum atburð. Hvað hún undirbúi sig með miklum fyrirvara? Útskýrið að við þurfum að búa okkur undir eilíft líf með því að safna okkur fjársjóði á himnum. Lesið Matt 6:19–21, og biðjið fjölskylduna að skiptast á um að lesa kafla í þessum boðskap.

2. Lesið fyrstu málsgreinina, undir fyrirsögninni „Lærið af fortíðinni,“ og biðjið fjölskylduna að greina frá einhverjum einstaklingi eða eigin reynslu sem haft hefur uppbyggjandi áhrif á líf þeirra. Berið vitni um að ein leiðin til þess að leiða okkur til eilífrar hamingju sé að læra af fortíð okkar.

3. Deilið einni eða tveimur frásögnum undir fyrirsögninni „Njótum nútíðarinnar.“ Hvetjið alla í fjölskyldunni til að setja sér markmið um að leysa af hendi eitthvað eitt mikilvægt sem þau hafa slegið á frest. Biðjið fjölskylduna að greina frá framvindunni næst þegar þið heimsækið hana.